# Stjórnarfundur fundargerð 7.8.2019

| | |
|---|---|
| **Staðsetning:** | Ólafíustofa, Pilestredet park 20, 0176 Oslo |
| **Dagsetning:** | 07.08.2019 |
| **Fundar tími:** | 18:00 |
| **Fundi slitið:** | 21:10 |
| **Til staðar:** | Formaður - Jónína (JMA), Vara formaður - Katla (KS), Gjaldkeri - Ingvar (IOI), Ritari - Björn (BH). Meðstjórnandi - Rebekka (RI) boðaði forföll. Sóknarprestur - sr. Inga (IH) var með til fundarloka. M&L nefnd er með frá upphafi til kl 20:15. Freydís yfirgefur fundinn kl 19:00 |

## Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjárhagsstaða safnaðarins
3. Tillögur menningar og listanefndar
4. Starfsmannamál
5. Dagskráin 2019 fram að áramótum
6. Ráðning starfsmanns á skrifstofu
7. Samningar við kóra og fleiri
8. Samfélagsmiðlar

## Umræður

1. Fundargerð síðasta fundar frestað til næsta fundar.

2. Fjárhagsstaða (IOI): Rekstrarkostnaður ca 3.1 milljón. Skrifað hefur verið undir kaupsamning á nýju húsi, Gamle Bygdevei 197. Fyrsta greiðsla , 2,7 milljónir greiðast 08.08.2019. Verð 5.750.000. IOI er að rukka sveitafélög sem ekki voru búin að greiða frá því 2018.

3. Menningar- og listanefnd kynnir dagskrá sína kl 18.00. Ómar, Þórhallur og Freydís. Sjá eigið skjal nefndarinnar. Vegna leigu á „menningarkirkju“ í Ósló þarf að athuga hvort hægt sé að fá aukastyrk frá söfnuðinum. IOI og JA athuga samning við norsku kirkjuna. II og Freydís munu spjalla saman um að setja saman netfangalista fyrir rafrænt fréttablað. Kynningu lokið kl 19.00, Freydís yfirgefur fundinn.

4. Starfsmannamál. Trúnaðarmál vegna fráfarandi formanns. Ómar og Þórhallur yfirgefa fundinn kl 20.15

5. Dagskráin 2019 fram að áramótum. Sr. Inga ber fram drög að dagskrá (sjá eigið skjal). Varðandi innsetninguna: Laffí syngur, Inga sendir bréf til presta á Íslandi og býður í innsetninguna. Faðir hennar spilar við innsetninguna og söfnuðurinn greiðir far og gistingu í stað beinnar greiðslu. Sunnudagaskólar, TTT, 60 plús og annað félagastarf ætti að byrja í september í Ósló. Hafa samband við alla formenn íslendingafélaganna frá og með september (starfsmaður). Koma á fundi með sambandsfólki/tengiliði utan af landi til þess að virkja landshlutina meira hnitmiðað (stjórn).

6. Nýr starfsmaður á skrifstofu ráðinn: Margrét Björnsdóttir Andersen. Starfssamningur undirritaður og hún búin að fá hann. Eins er með Sr. Ingu Harðardóttur

7. Samningar: II tekur að sér að hafa samband við kórana. Getur Katla tekið þetta að sér? Verktakatilboð fyrir flutning í messu, reddum hverri messu fyrir sig með organista. Athuga með annað tónlistarfólk meira.

8. Samfélagsmiðlar: II fjallar um ímynd safnaðarins (sjá eigið skjal frá Ingvari). Safna öllum íslendingafélögin undir einn hatt, islendingar.no. Setja upp fund í september workshop (II)

9. Önnur mál:

JMA óskar eftir því að allir í stjórninni skili inn sakavottorði.

Laga þarf loftræstingu inn til skrifstofu prests. IOI hefur verið í sambandi við tilboðsaðila. Koma í næstu viku til að skoða. IOI hefur verið í sambandi við Gunnar Kind og þetta er í réttu ferli.

Setja inn ofn, mála, laga það sem þarf í Ólafíustofu, helgarvinna fyrir tvo, tilboð Golli AS 23.250,00: Samþykkt.

Fá Chromcast til tengingar: Samþykkt

Sumarbúðir 2020 þarf að athuga (ttt - aldurinn).

Knut Rognlien hefur sent bréf til upplýsingar um málið, (sóknargjöldin). Þeir sem voru skráðir á sínum tíma eru grundvöllur endurgreiðslna. IOI sendir inn kröfuna.

Atli Steinn (MBL) verður beðinn um að aðstoða við að setja saman «pakka» «velkomin til Noregs».

Meðlimaskrá: Tvisvar á ári farið í gegnum meðlimaskránna. Nýir koma til og aðrir fara. IOI talar við Axel.

Samstarf á milli sendiráðs og safnaðar: Hittingur á föstudag, 9.8.2019.

Samstarf milli safnaðar og biskupsstofu: fundur með þeim í september 07.09.2019.

Samstarfssamningur við Íslendingafélög: Vinna áfram með það.

| Samþykktir | Ábyrgð | Frestur | Næsta verkefni |
|---|---|---|---|
| **Chromcast tenging í Ólafíustofu** | IOI | Sem fyrst | |
| **Vinna í Ólafíustofu «Golli AS”** | IOI | Sem fyrst | |

| Verkefnalisti | Ábyrgð | Frestur | Staða | Næsta verkefni |
|---|---|---|---|---|
| **Samstarfssamningur við Íslendingafélög** | ? | Sem fyrst | | |
| **Meðlimaskrá** | IOI | Tvisvar á ári | | |
| **Atli Steinn setur saman «Velkomin til Noregs»** | ? | Haust 2019 | | |
| **Samstarf sendiráðs og safnaðar, fundur** | ? | 9/8 2019 | | |
| **Laga loftræstikerfi inn til skrifstofu prests: fá tilboð** | IOI, BH | Sem fyrst | | |
| **Skila inn sakavottorði** | Allir | Sem fyrst | | |
| **Workshop fundur í september** | IOI | September | | |
| **Hafa samband við formenn íslendingafélaganna** | Starfsmaður | september | | |
| **Funda með tengiliði utan af landi** | Stjórn | Haust 2019 | | |
| **Kirkjuleigusamningur við Norsku kirkjuna** | JMA, IOI | Sem fyrst | | |